

Jafnréttisáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands

Jafnréttisáætlun fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) er gerð í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og í samræmi við jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins ds. 9.11.2010. Áætlunin er liður í því að jafna stöðu kynjanna innan Lbhí og minna starfsfólk, stjórnendur og nemendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, kynhneigðar, uppruna, litaháttar eða annarra persónubundina þátta svo sem fötlunar, aldurs o.fl.

Í jafnréttisáætlun þessari eru sex markmið sett fram með skilgreindum aðgerðum sem stuðla eiga að jafnrétti. Þau markmið sem sett eru fram í áætluninni eru valin með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 10/2008 og þörfum Lbhí. Til að fylgja eftir markmiðum jafnréttisáætlunarinnar er að jafnaði gert ráð fyrir að viðeigandi upplýsinga sé aflað í janúar og niðurstöðum miðlað í febrúar. Í áætluninni er einnig gerð grein fyrir hlutverkum jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar.

Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfa jafnréttisfulltrúi samkvæmt 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Við Landbúnaðarháskóla Íslands starfar einnig jafnréttisnefnd sem fylgist með og vekur athygli á jafnrétti kynja í Lbhí og er ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa. Ásamt jafnréttisfulltrúa sér nefndin um endurskoðun á jafnréttisáætlun stofnunarinnar og eftirfylgni með henni. Í starfi sínu taka jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd mið af lögum og reglugerðum sem við eiga og gæta ávallt fyllsta trúnaðar um launakjör einstakra starfsmanna og önnur persónutengd mál.

Markmið

1. Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu laun ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Konur og karlar skulu hafa jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 8. og 9. mgr. 2. gr. laga og 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Samkvæmt sömu grein er starfsfólki heimilt að skýra öðrum frá launakjörum sínum ef það kys svo.

2. Stöðuveitingar, störf og nám

Stefnt skal að því að ná sem jöfnustu hlutfalli kynja í sambærilegum störfum og námi innan Lbhí. Jafnréttissjónarmið eru því metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar og inntöku nemenda. Við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í starfi verður þess gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis eða öðrum persónubundnum þáttum. Jafnframt skulu allir njóta sömu tækifæra til að axla ábyrgðarstörfum og –hlutverkum. Einnig ber að tryggja að námsframboð og kennsla Lbhí höfði bæði til karla og kvenna.

3. Starfsþjálfun og endurmenntun starfsmanna

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Leitast skal við að höfða til beggja kynja í tilboðum sem lúta að starfsþjálfun og endurmenntun.

4. Kynferðislegt og kynbundið áreitni og ofbeldi

Starfsfólk og nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þau af virðingu og að enginn sæti kynferðislegu, kynbundnu eða annars konar óæskilegri áreitni eða ofbeldi.

- *Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.*
- *Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.*
- *Kynferðislegt ofbeldi er brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.*
- *Kynbundið ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.*
- *Annars konar áreitni er t.d. einelti o.fl.*

5. Þátttaka í nefndum og ráðum

Leitast verði við að deila starfs- og námstengdum verkefnum þannig að kynjahlutfall sé sem jafnast þegar kemur að þátttöku í vinnuhópum, ráðum, stjórnnum, innlendum og erlendum nefndum.

6. Samræming fjölskyldulífs og atvinnu- og námspáttöku

Starfsfólki og nemendum skal gert kleift að samræma sem best starfs- og námsskyldur sínar við fjölskylduábyrgð með sveigjanlegum möguleikum á vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið og þörf er á. Leitast skal við að koma til móts við óskir starfsfólks og nemenda um töku fæðingar- og foreldraorlofs.

Endurskoðun og samþykkt

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þar sem kveðið er á um að leggja beri áherslu á að tryggja konum og körlum jafnan rétt. Jafnframt segir að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu og kennsluáætlun skuli endurskoða á þriggja ára fresti. Jafnréttisáætlun þessi verður endurskoðuð fyrir 1. júní 2023.

Samþykkt í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands, 30.03. 2020